

Nd.

453. Breytingartillögur

við frv. til laga um bæjargjöld í Reykjavík [þskj. 128].

Frá Jóni Baldvinssyni.

1. Við 2. gr. 1. málsgrein orðist svo:
Fasteignagjald það, sem um ræðir í 1. gr., skal miða við virðing-
arverð eftir fasteignamatslögnum, en bæjarstjórnin ákveður hámark hundr-
aðsgjaldsins.
2. Við 2. gr. a. Í stað »skal greiða 0,8⁰/o« komi: skal greiða allt að 0,8⁰/o.
3. Við 2. gr. b. Í stað »skal greiða 2⁰/o« komi: skal greiða allt að 2⁰/o.

4. Við 2. gr. c. Í stað »skal greiða $\frac{1}{2}\%$ « komi: skal greiða allt að $\frac{1}{2}\%$.
5. Við 7. gr. 4. málgr. Í stað »atvinnan sje stunduð skemur en 4 vikur« komi: þótt atvinnan sje ekki stunduð nema 4 vikur.